

Alþingi
Erindi nr. P 133/1617
komudagur 19.3.2007

SFF
SAMTÖKFJÁRMÁLAFYRIRTÆKJA
Icelandic Financial Services Association

Reykjavík, 19. mars 2007

Nefndasvið Alþingis
bt. efnahags- og viðskiptanefndar
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um frv. til l. um brt. á lögum um tekjuskatt (söluhagnaður) (685. mál)

Við er til þingskjals 1068 (mál 685). Eins og fram kemur í greinargerð leggur frumvarpið til breytingar á reglum um skattlagningu söluhagnaðar af hlutabréfum. Samtökum fjármálafyrirtækja (SFF) er kunnugt um að ekki vannst tími til að mæla fyrir málinu fyrir þinglok, en vilja samt senda athugasemdir sínar við frumvarpið í þeirri von að málið verði skoðað betur milli þinga og lagt fram á ný í bættri mynd þegar þing kemur saman á ný.

SFF fagna þeim jákvæða vilja í garð starfsskilyrða atvinnulífsins á Íslandi sem stjórnvöld sýna með framlagningu frumvarpsins. Er það í samræmi við þau viðhorf sem kristallast í skýrslu nefndar forsætisráðherra um alþjóðlegt fjármálaumhverfi, sem kynnt var í október síðastliðnum. Hins vegar veldur útfærsla málsins nokkrum vonbrigðum, sem gerð er nánari grein fyrir hér á eftir.

Nágrannalönd Íslands hafa á allra síðustu árum verið að gera róttækar breytingar á reglum varðandi meðferð skattlagningar söluhagnaðar fyrirtækja. Þar er frændrikið Noregur, sem Íslendingar flúðu vegna skattþeningar fyrr á árum, í fararbroddi. Norðmenn hafa þannig fært skattalega meðferð söluhagnaðar til samræmis við skattalega meðferð arðs, og þannig horfið frá sambærilegu fyrirkomulagi og nú gildir á Íslandi. Norðmenn hurfu frá hugmyndum um að afmarka undanþágu frá skattskyldu söluhagnaðar af hlutabréfum sem hefðu verið í eigu seljanda í 2 ár. Norðmenn töldu heldur ekki rétt að undanskilja veltubækur fjármálafyrirtækja frá meginreglunni, enda væri í eðli sínu búið að skattleggja þá fjármuni á öðrum stigum. Þar með skáru Norðmenn sig frá Svíum, sem hafa slík viðmið í eigin löggjöf, í þeim tilgangi að auka aðdráttarafli Noregs gagnvart erlendum, þ.á.m. sænsku, fjárfestum. Norðmenn byggðu á góðu fordæmi ríkja eins og Kýpur og Hollands og að hluta til Svíþjóðar, Lúxembúrgar, Þýskalands og Frakklands.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að heimild til frestunar á skattlagningu söluhagnaðar verði felld brott en á sama tíma verði sett tvö mjög takmarkandi skilyrði fyrir því að hægt sé að nýta sér frádrátt á söluhagnaði. Annars vegar skilyrði um 1 árs eignarhald og hins vegar skilyrði um að frádráttarheimildin nái ekki til veltuhlutabréfa. Síðarnefnda hugtakið hefur ekki verið skilgreint í skattalögum hingað til, en af greinargerð má ráða að þar sé átt við þau hlutabréf sem eru á veltubókum fjármálafyrirtækja.

Ljóst er að ef frumvarpið í þeirri mynd sem það liggur fyrir yrði samþykkt þýddi það skattahækkun á atvinnulífið, ekki skattalækkun. Sérstaklega ætti það við í tilviki fjármálafyrirtækja, sem nú í dag eru að skila verulegum tekjum í þjóðarþúið. Skattahækkunarir gætu til dæmis komið til þegar ekki er lengur hægt að fresta skattlagningu hagnaðar af tilteknum fjárfestingum sem ekki eru á veltubók félaga (selt á innan við ári), í öðru lagi þegar um sameignarfélag er að ræða og í þriðja lagi ef ekki er hægt að draga tap á sölu veltuhlutabréfa frá skattskyldum tekjum (2. mgr. 24. gr. tskl). Rétt er að hafa í huga að eins og frumvarp þetta er lagt fram, þá er um skattatæknilega flókið mál að ræða. Ekki er víst að frumvarpshöfundar hafi séð alla þætti fyrir sér og tæplega farið af stað með málið á þeim forsendum að hækka skatta. Til að ná þeim markmiðum sem tilurð málsins byggir á, að gera Ísland enn samkeppnishæfara í alþjóðaviðskiptum og auka þannig almenna velferð í landinu, leggja SFF til eftirfarandi breytingar á frumvarpinu.

1. 1. gr. falli brott.
2. Við 2. gr. bætist nýr málslíður sem orðist svo: Á eftir orðinu „hlutabréfa“ í 1. mgr. 18. gr. laganna kemur innskotssetning: , þar með talinn hagnaður af afleiðusamningum þar sem undirliggjandi verðmæti eru hlutabréf, .
3. 2. efnismálslíður 1. mgr. 3. gr. falli brott
4. Á eftir 3. gr. komi ný grein, 4. gr., sem orðist svo:
Á eftir orðunum „af fengnum“ í 3. mgr. 71. gr. komi: söluhagnaði af hlutafé og
5. Við 2. mgr. 4. gr., sem verði 5. gr., bætist eftirfarandi málslíður: Ákvæðin skulu jafnframt halda gildi sínu til 31. desember 2007 um hagnað þeirra aðila sem ekki falla undir 3. gr. vegna sölu hlutabréfa.

Skýringar við breytingartillögur:

1. Lagt er til að hugtakið „veltuverðbréf“ falli brott. Þetta hugtak er ekki skilgreint í lögum um tekjuskatt og getur valdið verulegri óvissu í framkvæmd. Eins og fram kemur í greinargerð með frumvarpinu hefur í framkvæmd verið gerður einhver greinarmunur á veltubók og fjárfestingabók en engin greinarmunur er gerður á þessu tvennu í lögum um tekjuskatt (t.d. er enginn fyrirvari í 5. mgr. 18. gr. sem almennt heimilar frestun skattlagningar söluhagnaðar af hlutabréfum). Sá greinarmunur sem gerður hefur verið í framkvæmd fer minnkandi, og því til stuðning má nefna að útfærsla á alþjóðlegum reikningsskilastöðlum (IFRS) í Evrópu hefur verið þannig að veltubók horfi til bréfa sem ætlunin er að eiga í skamman tíma, en í framkvæmd hefur það verið túlkað frá nokrum vikum og upp í u.þ.b. 2-3 mánuði. Nýjar Basel II reglur setja svo enn önnur formskilyrði í þessum efnum. Það væri þannig bagalegt ef íslensk skattalög færu að búa til sérreglu í þessu tilliti, úr takti við alþjóðlegar reglur sem flest íslensk fjármálafyrirtæki fara að öðru leyti eftir. Ljóst er að það að bæta þessu hugtaki inn í lögina án skýringa eða skilgreininga er til þess fallið að valda ófyrirsjáanlegum breytingum á framkvæmd og leiða til raunverulegrar skatthækkunar miðað við núgildandi viðmið skattyfirvalda að miða veltubók við uppgjorsreglur.

2. Engin ákvæði er að finna um tekjur af afleiðusamningum í lögum um tekjuskatt. Lagt er til að inn í lögina verði sett skýring á meðferð tekna á ákveðnum hluta afleiðusamninga. Ekki er gerður greinarmunur á tegund samninga sem um ræðir heldur miðast skattaleg meðferð við hver undirliggjandi verðmæti eru, sem ráða því hvort eða í hve miklu magni samningur skilar tekjum. Þannig verður meðferð tekna af samningum sem ráðast af verðmæti undirliggjandi hlutafjár sú sama og meðferð tekna af sölu hlutafjár. Rök standa til þess að skattaleg meðferð verði með sama hætti í báðum tilfellum þar sem að um sambærilegar tekjur er að

ræða. Þetta ákvæði er efnislega að norski fyrirmynd eins og aðrar breytingartillögur sem hér eru settar fram.

3. Lagt er til að skattlagning söluhagnaðar af hlutafé verði færð til samræmis við skattlagningu á arði af hlutafé. Þessi breyting er í samræmi við það sem gert er í nágrannaríkjum Íslands eins og Danmörku, Svíþjóð, Hollandi, Belgíu, Noregi og fleiri ríkjum innan EES, s.s. Kypur. SFF telja hins vegar mikilvægt að horft sé til allra bestu framkvæmdar í þessum efnunum, þ.e. Noregs, og er breytingartillagan því sniðin að norsku reglunum. Í samræmi við breytingartillögu í lið 1 er hér ekki gerður greinarmunur á hvort um er að ræða hlutafé af veltubók eða fjárfestingabók, enda tímamörk varðandi eignarhald felld brott.

Það má taka það fram að norska fjármálaráðuneytið íhugaði á sínum tíma að setja tíma- og eignarhaldsskilyrði fyrir undanþágu söluhagnaðar (sambærilegt frádráttarbærni söluhagnaðar að íslenskum lögum). Hins vegar komst norska fjármálaráðuneytið að því að slíkar kvaðir væru ekki æskilegar. Rökstuðningurinn er eftirfarandi (Ot. prp 2004-2005 Item 6.5.2.2) í lauslegri þýðingu:


„Mörg þeirra ríkja sem hafa innleitt reglur um undanþágur fyrir skattlagningu söluhagnaðar á hlutabréfum hafa takmarkað slíkar undanþágur við beinar fjárfestingar. Þetta er oft gert með þeim hætti að að fjárfestingar verða að uppfyllta tiltekið lágmarksskilyrði um tengsl við fjárfestinguna t.d. lágmarkshlutfall. En ef komast á hjá tvísköttun þá er einsýnt að veltubókarfjárfestingar eiga einnig að vera undanþegnar skatti. Tekjur félaga af hlutabréfum eru yfirleitt tekjur sem áður hafa verið skattlagðar eða verða skattlagðar í undirliggjandi fyrirtækjarekstri. Af þessum sökum er ekki rétt að leggja viðbótarskatt á hagnað af veltubókarviðskiptum félaga. Af þeim sökum leggur fjármálaráðuneytið til, sem almenna reglu, að undanþága frá skattlagningu söluhagnaðar taki einnig til veltubókartekna (”portfolio investment”) og að sambærilegt tap verði ekki frádráttarbært.....“

4. Lagt er til að skattlagning söluhagnaðar af hlutafé í eigu annarra félaga en félaga með takmarkaða ábyrgð verði færð til samræmis við skattlagningu arðstekna slíkra félaga. Þar sem að frestunarmeild vegna söluhagnaðar af hlutafé er felld niður verður að gera breytingu á skattlagningu sameignarfélaga og annarra félaga sem ekki falla undir 3. gr. þannig að þau missi ekki einungis frestunarmeildir og lendi í aukinni skattlagningu heldur verði söluhagnaður þeirra skattlagður í 10% skatthlutfalli eins og arðstekjur þeirra.

5. Breyting sem mælt er fyrir um í 3. gr. frumvarpsins er umfangsmikil og því ástæða til að eldri reglur um tekjur aðila sem af einhverjum ástæðum falla ekki undir 3. gr. verði meðhöndlaðar samkvæmt eldri reglum til loka árs. Breytingin er til þess fallin að tryggja að lagabreytingin í heild skaði ekki ófyrirséða hagsmuni heldur veiti frest til aðlögunar.

SFF vilja aftur fagna því frumkvæði sem frumvarpið felur í sér, en leggja áherslu á að raunverulega verði þá um skattalækkun á atvinnulífið að ræða, en ekki skattahækkun. Nýleg fordæmi í þeim efnunum sýna að með því að auka þannig samkeppnishæfni landsins skapast enn meiri tekjur í þjóðarþúinu en áður.

Virðingarfyllst,



Guðjón Rúnarsson,
framkvæmdastjóri

Fylgiskjal: Útdráttur úr norska skattafrumvarpinu

Ot.prp. nr. 1 - 2004–2005

Skatte- og avgiftsopplegget 2005 – lovendringer
Side 59 og 60.

6.5.2.2 Inntekt på porteføljeinvesteringer vs. direkteinvesteringer Departementet har vurdert om fritaksmetoden bør avgrenses mot utbytte og gevinst på porteføljeinvesteringer, dvs. investeringer der investor ikke har til hensikt å utøve aktivt eierskap. I tilfelle tilsier symmetriprinsippet at selskapers tap på porteføljeinvesteringer bør være fradragsberettiget. Investeringer som ikke er porteføljeinvesteringer benevnes direkteinvesteringer. Flere av landene som har innført ordninger med skattefritak innen selskapssektoren, har avgrenset skattefritaket til bare å omfatte inntekt på direkteinvesteringer. Ofte er dette gjort ved å oppstille krav om at investeringen må gi en viss eierinteresse målt etter stemme- og/eller kapitalandel, eventuelt at investeringen må ha en form for næringstilknytning. Hensynet til å unngå kjedebeskatning tilsier at inntekt på porteføljeinvesteringer bør omfattes av fritaksmetoden. Aksjeinntekt som tilfaller selskap forventes å bli, beskattet i det underliggende selskapet eller i selskap lenger ned i eierkjeden. Det bør da ikke foretas ytterligere beskatning av porteføljeinntekten på det mottakende selskapets hånd. Kjedebeskatning kan gi incentiver til omorganiseringer, og svekker kapitalmobiliteten i næringslivet. Det gjeldende systemet med RISK og godtgjørelse er ikke avgrenset mot inntekt på porteføljeinvesteringer. Departementet foreslår derfor at fritaksmetoden som hovedregel også skal omfatte inntekt på porteføljeinvesteringer, og at tilsvarende tap ikke skal være fradragsberettiget. Dette gjelder likevel ikke for inntekt og tap på porteføljeinvesteringer utenfor EØS, jf. avsnitt 6.5.4.5. Departementets forslag medfører at aksjeinvestorer kan foreta porteføljeinvesteringer gjennom investeringsselskap, og la investeringsselskapet realisere gevinst på slike investeringer uten at det oppstår skatteplikt. Investoren må imidlertid tåle en indirekte skattebelastning når gevinsten reflekterer inntekt som er eller vil bli beskattet i det underliggende selskapet eller lenger ned i eierkjeden. Skattebelastningen har form av redusert salgsvederlag for aksjene som følge av den underliggende beskatningen. Dessuten vil investoren bli beskattet dersom han tar ut utbytte fra investeringsselskapet ut over det som representerer risikofri avkastning på aksjeinvesteringen. Til sammenligning medfører den gjeldende godtgjørelsesmetoden at slikt utbytte i realiteten er fritatt fra beskatning. Investoren ville heller ikke blitt tilordnet beregnet personinntekt etter de gjeldene delingsreglene, når selskapet bare har aksjeinvesteringer. Årsaken er at aksjeinntekter skal trekkes ut av grunnlaget for beregning av personinntekt.

Sjå annars link:

<http://www.regjeringen.no/Rpub/OTP/20042005/001/PDFS/OTP200420050001000DDDPDFS.pdf>